

TRÚNAÐARMÁL

Ólafur Davíðsson,
Framkvæmdaneftir um einkavæðingu,
Forsætisráðuneytinu,
Við Lækjartorg,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 23. desember 2002

Efni: Samningur um kaup Samson á 45,8% hlut í Landsbanka Íslands

Í framhaldi af fundi okkar síðastliðinn föstudag og bréfum okkar, dagsettum 13. og 17. desember sl., viljum við leggja til eftirfarandi útfærslu á samningi um kaup á bréfum í Landsbanka Íslands hf.

Sú hugmynd sem lögð var til af hálfu Framkvæmdaneftir um einkavæðingu (FNE), síðastliðinn föstudag, fólst í að tiltaka sérgreind mál sem skoðuð yrðu áður en til lokagreiðslu kæmi felur í sér eðlilega aðferðafræði að okkar mati. Með þessum hætti má brúa það bil sem er á milli kaupanda og seljanda varðandi túlkun á niðurstöðu áreiðanleikakönnunar KPMG. Það er ljóst að FNE leggur traust sitt á túlkun stjórnenda og ytri endurskoðanda Landsbanka Íslands auk ríkisendurskoðanda. Þar sem ríkisendurskoðandi og ytri endurskoðendur bankans hafa fullyrt að bókfært virði þeirra eigna sem athugasemdir eru gerðar við í áreiðanleikakönnunar sé rétt metið viljum að sú fullyrðing verði hluti kaupssamningsins. Það má gera með því að styðjast við þá aðferðafræði sem FNE leggur til en með því að tilgreina sérstaklega þær eignir sem athugasemdir hafa gerðar við og mun uppgjör vegna þeirra fara fram sérstaklega. Semja þarf um hvaða eignir verði tilgreindar með þessum hætti, þó ekki hærri fjárhæð en sem nemur 0,75% af efnahagsreikningi bankans.

Með ofangreindri aðferðafræði stendur kaupverð það sem um var samið óbreytt, þrátt fyrir breyttar forsendur.

Ef samið verður á þeim grunni sem tilgreindur er hér að ofan mun Samson falla frá kröfu sinni um kauprétt í stað kaupskyldu og þannig ganga inn í fyrra samkomulag. Semja þarf um greiðslufyrirkomulag, þó þannig að stefnt verði að fullnaðaruppgjöri fyrir árslok 2003, að því gefnu að ágreiningsmál samkvæmt málsgrein hér að ofan hafa verið frágengin.

Niðurstaða áreiðanleikakönnunar KPMG er afgerandi og ljóst að forsendur fyrir undirritun "Heads of Agreement", þann 18. október, eru breyttar. Það veldur vonbrigðum að FNE, ríkisendurskoðandi, endurskoðendur bankans og yfirlitjón hans vísi ábendingum KPMG frá. Koma mun í ljós hvort þær eignir sem tilgreindar eru í skýrslunni standi undir bókfærðu verði. Forráðamenn Samson telja því eðlilegt að FNE og ríkisendurskoðandi beri ábyrgð á fullyrðingum sínum, enda eðlilegt að seljandi beri ábyrgð á þeim staðhæfingum sem notaðar hafa verið við sölu.

Virðingarfyllst,
f.h. Samson eignarhaldsfélags ehf.